



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2018.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili, nr. 85/2011, með síðari breytingum (meðferð beiðna um nálgunarbann), þskj. 26, 26. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta og tekur undir þau sjónarmið er fram koma í greinargerð, þ.e. að bæta meðferðina að því er varðar beitingu nálgunarbanns þannig að hún verði ekki eins þung í vöfum, einkum þegar þannig háttar að sakborningur er samþykkur ákvörðun lögreglustjóra um beitingu þess. Þá tekur MRSÍ jafnframt undir eftirfarandi:

"Ekki má líta fram hjá því að röskun á friði er nægjanlegt skilyrði til að fá nálgunarbanni beitt. Virðist oft vera að sett séu strangari skilyrði en lögin kveða á um þrátt fyrir tiltölulega lágan þröskuld ákvæðisins."

MRSÍ telur og mikilvægt, eins og í frumvarpinu greinir, að skilgreint verði hvað felst í vægari úrræðum en nálgunarbanni. Því verði ríkissaksóknara falið að setja verklagsreglur sem lúti að slíkum vægari úrræðum, sem skapi meðal annars grundvöll fyrir samræmdri framkvæmd milli lögreglustjóraembætta hvað þetta varðar.

Í ljósi þessa hvetur MRSÍ til að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri